



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Málsnr.: R16040071
Skjalasafn Ráðhúss
12. apríl 2016
Bréfalykill: 4400

Reykjavík, 7. apríl 2016
SFS2016010028
4.4

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Reglur um innritun og útskrift nemenda í einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar


Á fundi skóla- og frístundaráðs 6. apríl sl., var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 31. mars 2016, um reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Jafnframt lögð fram drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar, nógildandi reglur um innritun í sérskóla og sérhæfðar sérdeildir og minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um reglurnar. Ennfremur lagðar fram umsagnir foreldrafélags Fellaskóla, dags. 3. febrúar 2016 og skólaráðs Fellaskóla, dags. 23. febrúar 2016, foreldrafélags Foldaskóla, dags. 11. mars 2016 og skólaráðs Foldaskóla, dags. 8. febrúar 2016, foreldrafélags Háaleitisskóla, dags. 18. mars 2016 og skólaráðs Háaleitisskóla, dags. 22. febrúar 2016, foreldrafélags Langholtsskóla, dags. 30. mars 2016 og skólaráðs Langholtsskóla, dags. 22. febrúar 2016 og foreldrafélags Vogaskóla, dags. 1. febrúar 2016 og skólaráðs Vogaskóla, dags. 22. febrúar 2016, um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Samþykkt og vísað til borgarráðs að reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar taki gildi 15. maí 2016 með fyrirvara um staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um innritun í sérskóla og sérhæfðar sérdeildir frá 3. mars 2005.

Tekið er fram að 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, með síðari breytingum, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla, kveður á um að ráðherra staðfesti reglur sveitarfélags um innritun og útskrift nemenda úr sérskóla eða sérúrræða sem stofnað er til skv. 42. gr. laga um grunnskóla. Innritunarreglur skulu birtar opinberlega.

Skv. 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um samþykktir og aðrar reglur sem skv. lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra. Að lokinni staðfestingu ráðherra þarf að birta reglurnar í B-deild Stjórnartíðinda.

Framangreindri samþykkt er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. janúar 2016, var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um reglur um innritun og útskrift nemenda úr sérdeildum fyrir einhverfa nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Jafnframt voru lögð fram til kynningar drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar og reglur um innritun í sérskóla og sérhæfðar sérdeildir, samþykktar í menntaráði þann 3. mars 2005.

Umsagnir skólaráða og foreldrafélaga Foldaskóla, Fellaskóla, Háaleitisskóla, Langholtsskóla og Vogaskóla um drög að nýjum reglu, liggja fyrir, sjá fylgiskjöl.

Í umsögn foreldrafélags Vogaskóla er gerð athugasemd við umsóknartímann þar sem að börn sem fá greiningar eftir 15.mars verða að bíða mjög lengi eftir að hægt sé að sækja um fyrir þau og að ekki sé einhver undanþága fyrir þau. Í drögum að nýjum reglum er gert ráð fyrir að umsóknarfrestur sé til 1. mars. Ljóst er að reglur þessar munu ekki gilda vegna innritunar barna í deildirnar vegna skólaársins 2016-2017 þar sem gildistöku þeirra er frestað til 15. maí 2016. Umsóknarfrestur skv. núgildandi reglum er til 15. mars. Vissulega geta greiningar komið á hvaða tíma sem er en ekki er hægt að hafa opið í deildirnar allar ársins hring. Ef pláss losnar á miðju skólaári og umsóknir liggja fyrir tekur inntökuteymi fyrirbyggjandi umsóknir til skoðunar og hefur samband við viðkomandi foreldra. Í inntökureglunum er kveðið á um að deildirnar séu fyrir nemendur með hamlandi einkenni einhverfu sem hafa veruleg áhrif á nám og skólagöngu þeirra. Þegar um svo hamlandi einkenni er að ræða er mjög líklegt að barn hafi fengið greiningu strax á leikskólaaldri.

Jafnframt er tekið fram að það sé mat foreldrafélagsins að liður 4.b.III þurfa að vera skírari. Við þessu hefur verið brugðist með því að bæta við ákvæði 4.b. iii sem nú orðast svo:

Fulltrúi fagraðs heimsækir leik- eða grunnskóla nemandans og fylgist með honum í aðstæðum enda hafi foreldrar samþykkt slíkt. Fagrað setur viðmið um slíkar vettvangsathuganir.

Ekki hafa verið í gildi formlega samþykktar reglur um innritun og útskrift nemenda í sérdeildir fyrir einhverfa nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Unnið hefur verið eftir verklagi skóla- og frístundasviðs og áður menntasviðs þar sem inntaka er miðlæg og inn eru teknir þeir nemendur sem búa við þyngstu fatlanir. Reglur um inntöku í Klettaskóla frá árinu 2013 hafa verið hafðar þar til hliðsjónar.

Lagt er til að reglurnar taki gildi 15. maí 2016 með fyrirvara um staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis en reglurnar taka ekki gildi nema ráðuneytið staðfesti þær.

Með samþykkt skóla- og frístundaráðs og borgarráðs og staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis falla úr gildi þann 15. maí 2016 reglur um innritun í sérskóla og sérhæfðar sérdeildir, samþykktar í menntaráði þann 3. mars 2005.

Markmið reglna um innritun og útskrift nemenda úr sérdeildum fyrir einhverfa nemendur er m.a. að tryggja jafnræði við umfjöllun umsókna og vandaða stjórnslu við afgreiðslu þeirra.

1. Innritun í sérdeild fyrir einhverfa nemendur.

1. Sérdeildir fyrir einhverfa nemendur eru starfræktar við 5 grunnskóla í Reykjavík, Fellaskóla, Foldaskóla, Háaleitisskóla, Langholtsskóla og Vogaskóla. Deildirnar eru fyrir nemendur með hamlandi einkenni einhverfu, sem hafa veruleg áhrif á nám og skólagöngu þeirra. Deildirnar eru fyrir nemendur með:
 - hamlandi einkenni á öllum þremur sviðum einhverfu, félagslegu samspili, máli og tjáskiptum og sérkennilegri og áráttukenndri hegðun,
 - nemendur með hamlandi einkenni á tveimur sviðum einhverfu ásamt viðbótarröskun s.s. alvarlegri atferlis eða ofvirkniröskun og vægri þroskahömlun.
2. Foreldrar geta sótt um skólavist í sérdeild fyrir einhverfa nemendur fyrir barn sitt, telji þeir, skólastjórnendur og sérfræðingar að barnið fái ekki notið kennslu við sitt hæfi í almennu skólastarfi. Foreldrar, sem hyggjast sækja um skólavist í sérdeild fyrir barn sitt skulu hvattir til að heimsækja og kynna sér starfsemi deildanna og heimaskóla áður en umsókn er tekin fyrir.
3. Umsóknum vegna komandi skólaárs skal skila til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. mars ár hvert. Með umsóknum fylgi greiningargögn og skýrslur leik- eða grunnskóla nemenda.
4. Fagráð um innritun fer yfir umsóknir, metur þær og kynnir sér umsækjendur og aðstæður þeirra í viðkomandi leik- eða grunnskóla. Fagráðið leggur tillögur sínar um afgreiðslu umsókna fyrir skólastjóra ofangreindra skóla. Allar athuganir fagráðs skulu gerðar í samráði við og með samþykki foreldra sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.
 - a. Við afgreiðslu umsókna tekur fagráð mið af:
 - i. Fyrirliggjandi greiningum nemandans frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Barna- og unglingsdeild og/eða öðrum viðurkenndum greiningaraðilum.
 - ii. Mati á stöðu nemandans í námi og aðstæðum í viðkomandi leik- eða grunnskóla. Í matinu skal taka tillit til aðstæðna nemandans og heildarhagsmuna s.s. stöðu hans í einstökum námsgreinum, virkni hans og félagsstöðu og líðan í leik- eða grunnskóla. Gæta skal þess að nemandinn eigi þess kost að tjá sig um niðurstöður matsins og koma á framfæri sjónarmiðum sínum sem kostur er. Fagráð kallar eftir matinu frá skóla/leikskóla nemandans að fengnu samþykki foreldra og skulu þeim kynntar niðurstöður matsins.

Reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar

- iii. Greiningum og/eða upplýsingum frá sérfræði-/skólaþjónustu að fengnu samþykki foreldra og skulu þeim kynntar niðurstöður matsins.
- iv. Hvort aðstæður og möguleikar í deildunum/námshópunum séu líklegar til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska.
- v. Hvort aðstæður og þau úrræði sem nemandinn hefur notið eða eru möguleg í heimaskóla séu líkleg til að stuðla að framförum hjá nemandanum náms- og félagslega og í almennum þroska.
- vi. Óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs hans og þroska.
- vii. Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010.

b. Starfshættir fagráðs:

- i. Fagrád gætir ávallt jafnræðissjónarmiða í störfum sínum við mat og afgreiðslu umsókna.
- ii. Fagrád getur kallað til sín sérfræðinga um nám og skólagöngu fatlaðra barna og einhverfu. Gefa skal foreldrum kost á að hafa áhrif á val á sérfræðingum.
- iii. Fulltrúi fagráðs heimsækir leik- eða grunnskóla nemandans og fylgist með honum í aðstæðum enda hafi foreldrar samþykkt slíkt. Fagrád setur viðmið um slíkar vettvangsathuganir.
- iv. Séu umsóknir fleiri en þau pláss í deildunum sem eru til ráðstöfunar, forgangsraðar fagrád þeim eftir því hve hamlandi einkenni einhverfu eru hjá umsækjendum og gerir tillögu um röðun umsækjenda í þau pláss sem eru til ráðstöfunar.
- v. Tillögur fagráðs um innritun vegna komandi skólaárs skulu liggja fyrir 15. apríl ár hvert

5. Afgreiðsla umsókna:

- a. Skólastjóri viðkomandi skóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar á grundvelli tillagna fagráðs enda hafi fagrád tekið mið af ofangreindu.
 - i. Sé umsókn samþykkt tilkynnir verkefnastjóri fagráðsins það í bréfi til foreldra í umboði viðkomandi skólastjóra
 - ii. Sé ekki unnt að verða við umsókn tilkynnir verkefnastjóri fagráðsins það í bréfi til foreldra í umboði skólastjóra, þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gera skal grein fyrir afstöðu til allra sjónarmiða sem færð hafa verið fram og hvernig þau varða heildarhagsmuni barnsins. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun.

- iii. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal verkefnastjóri fagráðs tilkynna það í bréfi til foreldra í umboði skólustjóra og upplýsa þá um kærurétt skv. 47. gr. Laga um grunnskóla nr. 91/2008.
- iv. Sé umsókn synjað þar sem plássleysi í deildunum hamlar skal foreldrum gefinn kostur á að halda umsókn inni hjá fagráði virkri til umfjöllunar síðar.
- v. Afgreiðslu umsókna vegna komandi skólaárs skal vera lokið 10. maí ár hvert

6. Skipan fagráðs:

- a. Í fagráði um innritun í sérdeildir fyrir einhverfa nemendur situr verkefnastjóri sérkennslu á fagskrifstofu grunnskóla á skóla- og frístundasviði, skólustjórar og umsjónarmenn deildanna.

2. Útskrift nemenda úr sérdeildum fyrir einhverfa nemendur

1. Útskrift að loknu grunnskólanámi:

- a. Hefja skal gerð áætlunar um skólaskil ekki síðar en í 9. bekk.
- b. Að mótun og gerð áætlunarinnar koma kennarar nemandans í viðkomandi sérdeild, fagaðilar um nám hans og skólagöngu innan og/eða utan skólans, nemandinn sjálfur og foreldrar hans.
- c. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu koma fram upplýsingar um skólagöngu hans, náms- og félagslega stöðu, einstaklingsnámskrá, áform hans um frekara nám og áhugamál.
- d. Í áætluninni skal koma fram hvernig vali á framhaldsnámi/skóla er háttað, kynningum á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru og aðlögun í nýjan skóla.

2. Útskrift úr sérdeild fyrir einhverfa nemendur í almennt skólastarf grunnskóla

- a. Telji fagfólk sérdeildar að nemandi fái betur notið náms og kennslu við hæfi í almennt skólastarfi skulu foreldrar upplýstir um það.
- b. Nýtist nemandanum almenn kennsla í almenntum bekk að meiri hluta skólagöngunnar skal fara fram mat á því hvort nemandinn skuli útskrifast úr sérdeild í almennt skólastarf með stuðningi. Að matinu kemur starfsfólk deildarinnar, foreldrar og aðrir fagaðilar ef þörf er á.
- c. Sé tekin ákvörðun um að nemandi færist yfir í almennt skólastarf meðan á grunnskólagöngu stendur skal gera áætlun um lok skólavistar í sérdeild og aðlögun í almennt skólastarf
- d. Að mótun og gerð áætlunarinnar koma kennarar nemandans í sérdeildinni, aðrir fagaðilar um nám hans og skólagöngu innan og/eða utan skólans, kennari/sérkennari í viðkomandi skóla, nemandinn og foreldrar hans.

Reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar

- e. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu m.a. koma fram upplýsingar náms- og félagslega stöðu nemandans, einstaklingsnámskrá, virkni og líðan. Í henni skal einnig vera áætlun um aðlögun í almennt skólastarf og eftirfylgd með nemandanum frá viðkomandi sérdeild.
- f. Verði ágreiningur um útskrift nemanda úr sérdeild í almennt skólastarf tekur skólastjóri viðkomandi skóla endanlega ákvörðun sbr. 21. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 584/2010. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af áliti sérfræðinga og foreldra og með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ávallt skal reyna til þrautar að ná samkomulagi milli foreldra, skóla og sérfræðinga. Foreldrum nemanda skal gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og andmælum áður en ákvörðun er tekin um að flytja nemanda yfir í almennt skólastarf. Sé ákvörðun tekin um að flytja nemanda yfir í almennt skólastarf skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Reglurnar eru settar á grundvelli 20. greinar reglugerðar nr. 585/2010, sbr. einnig reglugerð nr. 148/2015, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Reglurnar taka gildi 15. maí 2016.

3. fundur/fskj. 3.1

REGLUR UM INNTRITUN Í SÉRSKÓLA OG SÉRHÆFÐAR SÉRDEILDIR

Reykjavíkurborg rekur þrjá sérskóla, þ.e. Brúarskóla, Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla, auk fimm sérhæfðra sérdeilda, þ.e. táknmálssviðs Hlíðaskóla, einhverfudeilda við Fellaskóla, Hamraskóla og Langholtsskóla og Bjarkarhlíðar sem er sérdeild fyrir nemendur með félagslegan og tilfinningalegan vanda.

1. Samkvæmt grunnskólalögum eiga foreldrar fatlaðra barna og barna með miklar geð- og hegðunarraskanir rétt á að velja um heimaskóla (hverfissskóla) eða sækja um sérúrræði.
2. Foreldrar sækja skriflega/rafrænt um inntöku fyrir barn sitt í sérskóla/sérhæfða sérdeild með rökstuddri greiningu.
3. Ef foreldri sækir um flutning fyrir barn sitt úr almennum grunnskóla í sérskóla eða sérhæfða sérdeild skulu fylgja með umsókn gögn frá skólanum um námslega og félagslega stöðu nemandans ásamt greiningargögnum. Foreldrar geta óskað eftir aðstoð skólans við að ganga frá umsókn.
4. Viðkomandi barn þarf að hafa fengið greiningu samkvæmt reglum í reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
5. Viðurkenndir greiningaraðilar eru Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Barna- og unglíngageðdeild, Sjónstöð Íslands og Heyrnar- og talmeinastöð.
6. Inntökuteymi fer yfir umsóknir nemenda og raðar í forgangs röð ef fleiri umsóknir berast en pláss leyfa. Tekið er mið af greiningarniðurstöðum og gögnum hverfissskóla sbr. lið 3 að ofan. Í inntökuteymi eiga sæti: Skólastjóri viðkomandi sérskóla/sérdeildar, sálfræðingur eða annar sérfræðingur sem skólinn velur og fulltrúi Menntasviðs Reykjavíkur. Skólastjóri kallar saman inntökuteymi og stýrir störfum þess. Rituð skal fundargerð hvers fundar.
7. Þegar inntökuteymi hefur samþykkt inntöku nemandans gerir skólastjóri foreldrum grein fyrir niðurstöðu og sendir upplýsingar til Menntasviðs.
8. Uni foreldrar ekki niðurstöðu teymisins geta foreldrar vísað málinu til yfirstjórnar Menntasviðs til nánari ákvörðunar.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 11. janúar 2016
SFS2016010028
91. fundur / fskj. 5.1
HG/gst

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, með síðari breytingum, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla skulu sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði setja reglur um innritun nemenda, svo og reglur um útskrift eða lok slíkrar aðstoðar þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og mati fagaðila. Heimilt er að ákveða í slíkum reglum að ráð skipað fagaðilum skuli gera tillögu til skólastjóra um innritun og/eða útskrift nemanda úr sérskóla eða sérúrræði.

Ekki hafa verið í gildi sérstakar reglur um innritun og útskrift nemenda í sérdeildir fyrir einhverfa nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar en í gildi hafa verið reglur um innritun í sérskóla og sérhæfðar sérdeildir, samþykktar í menntaráði 3. mars 2005.

Skóla- og frístundasvið hefur í samráði við skólastjórnendur og deildarstjóra sérdeildanna og sérfræðipjónustu skóla unnið að gerð reglna um innritun og útskrift nemenda úr sérdeildum fyrir einhverfa nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Reglurnar eru gerðar í samræmi við og með hliðsjón af reglum borgarinnar um innritun og útskrift úr sérskólum, Klettaskóla og Brúarskóla.

Lagt er til að reglurnar taki gildi 15. mars 2016. Frá sama tíma falli úr gildi reglur um innritun í sérskóla og sérhæfðar sérdeildir, samþykktar í menntaráði 3. mars 2005.

SKJALAVER HÖFÐATÖRGI	
12. FEB. 2016	
Mátsnr.:	SFS 2016010028
Bréfalykill:	4.4


Reykjavík, 3. febrúar 2016

Skóla – og frístundasvið
Helgi Grímsson, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: Umsögn foreldrafélags Fellaskóla um reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Foreldrafélag Fellaskóla telur að þessar reglur séu vel unnar og séu til þess fallnar að gera ferlið betra bæði fyrir nemendur og aðstandendur þeirra og fyrir skólanna. Sérstaklega er gott að svar við innritun þurfi að berast í síðasta lagi fyrir 15. apríl sem gefur aðstandendum rýmri tíma til að vinna úr þeirri niðurstöðu sem þau fengu.

Undirritað að beiðni stjórnar foreldrafélags Fellaskóla, f.h. félagsins,


Sigurtaug Hrunn Svavarsdóttir, skólastjóri Fellaskóla.




Reykjavík 23. febrúar 2016

**Skóla – og frístundasvið
Helgi Grímsson, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík**

Efni: Umsögn skólaráðs Fellaskóla um reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Skólaráð Fellaskóla telur reglurnar séu vel unnar og til þess fallnar að gera ferlið betra fyrir bæði nemendur og aðstandendur þeirra, auk skólanna. Ráðið gerir ekki athugasemdir við reglurnar.

F. h. Skólaráðs Fellaskóla,


Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, skólastjóri

On 11. mar. 2016, at 11:10, Foreldrafélag Foldaskóli <foreldrafelag.foldaskola@gmail.com> wrote:

Sæll Helgi

Foreldrafélag Foldaskóla hefur nú skoðað málið og borið það undir foreldra einhverfra barna. Félagið gerir engar athugasemdir við tillöguna.

bestu kveðjur

Guðmundur Valur Oddsson, formaður foreldrafélags Foldaskóla.



Reykjavíkurborg
Foldaskóli

SFS2016010028
96. fundur / fskj. 3.8

SKJALAVER HÖFÐATORGI
12. FEB. 2016
Málsnr.: SFS 2016010028
Bréfalykill: 4.4


Reykjavík 8. febrúar 2016

Skóla- og frístundasvið
Helgi Grímsson sviðsstjóri
Borgartúni 12
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Skólaráð Foldaskóla fjallaði um erindi yðar dags. 20. janúar s.l. á fundi ráðsins föstudaginn 5. febrúar s.l. Skólaráð Foldaskóla fagnar þessum reglum og gerir ekki athugasemdir við þær.

Fyrir hönd skólaráðs Foldaskóla,


Ágúst Ólason skólastjóri



Notandi: "Valgerður Solveig Pálsdóttir" <Valg@postur.is>
Dagsetning: 18.3.2016 15:52:35
Til: "Eygló Traustadóttir" <eyglo.traustadottir@reykjavik.is>
Efni: Umsögn foreldrafélags Háaleitisskóla - Drög að reglum um innritun og útskrift nemenda -
einhverfudeildir grunnskóla !

Sæl !

Ég held það séu bara engar athugasemdir frá okkur varðandi þessar nýju reglur

Bestu kv.

Valgerður



Reglur um innritun og útskrift - Umsögn skólaráðs Háaleitisskóla

Almennt: Tölvupóstur

Upplýsingar um viðskiptavin :

Málsnúmer: SFS2016010028

Bréfalyklar: 4.4 Sérstakur stuðningur

Eigandi skjals: Anna María Arnardóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 29.02.2016 00:00:00

Dagsetning skjals: 29.02.2016



image001.jpg

OutlookMessageContent.msg

Skjalalykill	4.4 Sérstakur stuðningur	Málsnúmer	SFS2016010028
Móttökudags.	29.02.2016	Skráð í GoPro	29.02.2016

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	Tölvupóstur	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð		Er flokkað eftir eldri	<input type="radio"/> Já <input checked="" type="radio"/> Nei
Eldri skjalalykill		skjalalykli í	
		skjalasafni.	

Sent: Sent til:

Frá: Guðrún Sigtryggsdóttir
Dags: 29.2.2016 13:29:41
Til: SP_R_Skjalaver_Höfðatorgi
Efni: FS: Reglur um innritun og útskrift

From: Hanna Guðbjörg Birgisdóttir
Sent: 22. febrúar 2016 14:34
To: Guðrún Sigtryggsdóttir
Subject: SV: Reglur um innritun og útskrift

Sæl.

Skólaráð Háaleitisskóla hefur í dag tekið til umfjöllunar reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Skólaráð fagnar þessum reglum og gerir engar athugasemdir við þær.

Fyrir hönd skólaráðs Háaleitisskóla

Hanna Guðbjörg Birgisdóttir
skólastjóri Háaleitisskóla

Reykjavík 30.03.2016

**Umsögn foreldrafélags Langholtsskóla um
Reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum
Reykjavíkurborgar**

Stjórn foreldrafélags Langholtsskóla þakkar fyrir að hafa fengið boð um að skila inn umsögn um reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar og biðst afsökunar á því hve seint hún berst.

Stjórn foreldrafélagsins hefur leitað til foreldra barna með einhverfu eða á einhverfurófinu til að fá skoðanir viðeigandi hópa.

Foreldrafélagið fagnar því að settar séu reglur um innritun og útskrift með þessum hætti því mikilvægt er að koma í veg fyrir mismunun þar sem þjónusta er af skornum skammti.

Bent hefur verið á af foreldrum sem hafa þörf fyrir einhverfudeildir fyrir börn sín að plássin sem boðin séu, séu allt of fá og að börn sem hafa verið greind á einhverfurófinu fái sjaldan pláss í einhverfudeildum. Þannig fái einungis þau sem eru í allra mestri þörf inngöngu í deildirnar. Það dugi hins vegar alls ekki til því mikil þörf sé á bættri þjónustu við börn á einhverfurófinu.

Foreldrafélag Langholtsskóla skorar á stjórnvöld að tryggja öllum börnum sem hafa þörf fyrir sérkennslu og andlega aðstoð í námi, viðeigandi þjónustuúrræði sem allra fyrst með því að veita auknu fjármagni til málaflokksins.

F.h. foreldrafélags Langholtsskóla

Þóra Jónsdóttir

Formaður

S: 6981976

Tölvupóstfang: foreldrafelag.lango@gmail.com

Reykjavík 22. febrúar 2015

Skóla og frístundasvið
bt. Guðrúnar Sigtryggsdóttur
yfirlögfræðings skrifstofu sviðsstjóra

Umsögn skólaráðs Langholtsskóla um „Reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar“ að ósk Helga Grímssonar sviðsstjóra, skv. bréfi hans þann 20. janúar 2016.

Skólaráð Langholtsskóla fjallaði um reglurnar á fundi sínum þann 3. febrúar sl. Skólaráðið gerir ekki athugasemdir við reglurnar og samþykkir þær þar með fyrir sitt leyti.

Virðingarfyllt
f.h. skólaráðs Langholtsskóla


Hreiðar Sigtryggsson
skólastjóri



Reykjavík, febrúar 2016.

Skóla- og frístundasvið
Borgartúni
Reykjavík

Efni : Umsögn Foreldrafélags Vogaskóla um Reglur um innritun og útskrift nemenda

Eftir að hafa lesið þessi blöð yfir þá höfum við smávægilegar athugasemdir

Við setjum athugasemd við umsóknartíman þar sem að börn sem fá greiningar eftir 15.mars verða að bíða mjög lengi eftir að hægt sé að sækja um fyrir þau og að ekki sé einhver undanþága fyrir þau.

Eins finnst okkur liður 4.b.III þurfa að vera skírari. Hversu langan tíma er þessi liður hugsaður og hvað á þá að horfa eftir? Þarna kemur pælingin að þau börn sem þurfa inní þessa deild geta bæði átt mjög góða daga og eins mjög slæma. Ef fulltrúi hittir á mjög góðan dag og sér ekki eða illa erfileika barnanna mun fulltrúin koma aftur?

Annað verður það ekki frá foreldrafélagi Vogaskóla

Fyrir hönd FFV Ellen Rose Guðmundsdóttir



22. febrúar 2016

Skóla og frístundaráð
bt. Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Vegna erindis skóla- og frístundaráðs til skólaráða grunnskóla sem eru með einhverfudeildir í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Erindi til skólaráða:

- **Reglur um innritun og útskrift nemenda í sérdeildum fyrir einhverfa nemendur**

Erindið var rætt á fundi í skólaráði Vogaskóla þann 22. febrúar 2016

Varðandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr sérdeildum fyrir einhverfa nemendur

Skólaráð fjallaði um drögin og fór skólastjóri yfir einstaka efnispætti í drögunum. Eftir að hafa fjallað um drögin efnislega var niðurstaðan sú að skólaráð telur drögin góð og gerir engar athugasemdir við þau.

Virðingarfyllst
f.h. skólaráðs Vogaskóla
Jónína Ólöf Emilsdóttir,
skólastjóri